

Íslenska kalkpörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 20. janúar 2021  
UST202003-030/H.E.  
08.10.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 29.10.2020, hjá Íslenska kalkpörungafélaginu ehf.**

Þann 29.10.2020 fór fram eftirlit í Íslenska Kalkpörungafélagið á Bíldudal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Rekstraraðili vinnur að úrbótum varðandi eldri frávik:**

Nýtt gæða og umhverfisstjórnunarkerfi hefur verið innleitt í verksmiðjunni sem stofnunin fór yfir í eftirlitinu nú. **Frávikinu telst lokið en Umhverfisstofnun mun áfram fylgja eftir innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfinu í reglubundnu eftirliti.**

Ryk í útblæstri. Frávik hafa verið skráð vegna ryks umfram starfsleyfismörk í útblæstri í eftirliti 20. ágúst sl, Sambærileg frávik þar sem að ryk var annað hvort sýnilegt í útblæstri eða að mælingar gáfu til kynna að styrkur ryks væri yfir starfsleyfismörkum, hafa verið ítrekað verið skráð í eftirliti. Í þessum tilvikum hefur rekstraraðili lýst að um tímabundið ástand sé að ræða vegna rekstrarörðugleika í hreinsivirkinu. Rekstraraðili hefur kynnt að betur sé haldið utan um skráningar á rekstri hreinsivirkisins í nýuppsettu umhverfisstjórnunarkerfi. **Umhverfisstofnun óskar eftir að rekstraraðili leggi fram greiningu á virkni hreinsivirkisins og hversu oft atvik koma upp þar sem að hreinsivirkið nær ekki að fanga ryk með fullnægjandi hætti.**

Mælingar í útblæstri fóru ekki fram á fyrrihluta árs 2020 og var frávik þess skráð í eftirliti 3. júlí sl. **Mælingar í útblæstri voru framkvæmdar 18. september sl. og telst frávikinu því lokað.**

Frávik vegna hávaða frá verksmiðjunni var skráð í eftirliti 15.10.2019, 28.2.2019. ábending í eftirliti 15. nóvember 2018. Rekstraraðili hefur lagt fram skráningar á hávaðamælingum fyrir árið 2020 sem hafa allajafna verið framkvæmdar tvisvar sinnum á dag sem gefa til kynna að hávaði í íbúabyggð sé yfir reglugerðarmörkum. **Rekstraraðili hefur vísað í að hávaðinn stafi af annarri starfsemi á svæðinu en gögn því til stuðnings hafa ekki verið lögð fram.**

Framleiðsluúrgangi (leirefnum) hefur verið safnað upp í stórsekkri utandyra á undanförnum árum. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfis skal úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Rekstraraðila var veittur frestur til 20. febrúar 2020 að senda inn tímasetta úrbótaáætlun en hugmyndir að ráðstöfunarleiðum hafa verið kynntar í reglubundnu eftirlitsferðum. Uppfærð tímasett úrbótaáætlun liggur ekki fyrir. **Umhverfisstofnun mun taka formlega afstöðu til úrbótanna í sér bréfi.**

Úrbætur hafa verið gerðar varðandi frágang á lóð og geymslu raf- og rafeindatækniúrgang sem geymdur var utandyra. Við breytingar á verksmiðjunni sem nú standa yfir er þó töluvert að nýtanlegu byggingarefni á lóðinni. **Umhverfisstofnun mun taka formlega afstöðu til úrbótanna í sér bréfi.**

**Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitinu nú 29. október sl. er varðar:**

Gr. 3.9 í starfsleyfi og reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Svifagnamælingar voru framkvæmdar fyrir dælingu 21. október sl. og eftir dælingu 5.nóvember sl. Aukning á styrk svifagna fyrir og eftir dælingu mældist í þremur punktum af fjórum umfram heimild starfsleyfismarka (+10 mg/l í punkti nr 1., +12 í punkti nr 2 og +17 mg/l í punkti nr 4). Óveður var þegar sýnataka fór fram sem hugsanlega hafði áhrif á mældan svifefnastyrk. **Umhverfisstofnun vekur athygli á að frávik er varðar styrk aukningu svifefna hafa komið upp áður í eftirliti en rekstraraðili hefur m.a. talið að það stafi af annarri starfsemi á svæðinu. Gögn því til stuðning hafa ekki verið lögð fram.**

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3.2.2021.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir